

prestur Guðjónsson, greiði stefnda Þorláki hreppstjóra Þorlákssyni í kost og tæringu 10 krónur. Hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda Oddi yfirréttarmálaflutningsmanni Gíslasyni ber í málf lutningskaup úr landssjóði 15 krónur.

Ídæmdur kostur og tæring greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagði aðför að lögum.

Nr. 11/1907:

Réttvísín

gegen

Selmer Simonsen Bjerkan.

D ó m u r :

Með dómi aukaréttar Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 28. febr. þ. á., var hinn ákærði, Norðmaðurinn Selmer Simonsen Bjerkan, dæmdur fyrir ofbeldisverk, er hafði mannsbana í för með sér, til að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnaðinn, þar með talin málsvarnarlaun í héraði 8 kr. til hins skipaða verjanda þar, yfirréttarmálsfærslumanns Odds Gíslasonar. Þessum dómi hefir verið áfrýjað til yfirdómsins af hálfu valdstjórnarinnar.

Það er löglega sannað í málinu með ítarlegum vitnaskýrslum, að sunnudaginn 3. febr. þ. á. var ákærði í gistihúsi Hjálpræðishersins hér í bænum ásamt landa sínum Christjan nokkrum Christjansen, og tóku þeir

þegar að morgni dags að drekka brennivín, og héldu því áfram fram yfir miðdegisverðartíma, en ákærði snæddi þar í gistihúsinu bæði morgunverð og miðdegisverð; voru þeir þá báðir orðnir mjög druknir, og fór Christjansen, sem var sagður óeirinn við vín, þá að ögra og erta ákærða; sat Christjansen á bekk við vegginn í matstofunni innan við borðið, en ákærði slangraði um gólfid framan við borðið. Hann stóðst þá eigi ertingar Christjansens og sló til hars hnefanum, en höggið kom á hanglampa yfir borðinu, og varð eigi skaði af, nema að glasið brotnaði. En þá reiddi ákærði aftur til höggsvið Christjansen yfir borðið, og kom höggið á hann vinstramegin á nefið og munninn. Christjansen hné þá þegar ofan á bekkinn og datt síðan ofan á gólfid, hreyfði höfuðið lítið eitt einu sinni eða tvisvar sinnum, en lá síðan hreyfingarlaus, og er lækni skóðaði hann nálægt því hálfum tíma seinna var hann örendur. Daginn eftir, 4. febr., var lík Christjansens krufið og rannsakað af landlækni og héraðslækni, og hafa þeir lýst yfir því álitinu sínu, að maðurinn hafi dáið af því, að æð hafi sprungið neðan í heilanum innan undir ytri heilahimnunum, er hann fekk höggið; og sjáist þetta ljóslega á því, að mjög mikið af nýstorknu blóði finnist neðan í heilanum og inn í heilaholunum, en þangað geti blóð spýzt, ef æð slitnar neðan á heilanum; snarpt högg á höfuðið geti valdið slíku, hvar sem það komi á; segja lækarnir enn fremur, að Christjansen hafi orðið fyrir snörpu höfuðhöggi, er sjáist af því, að á enninu sé mar inn að beini og nefið brotið. Samkvæmt þessu verður að álíta það sannað, að Christjansen hafi beðið bana af högginu, er ákærði sló hann í andlitið. Ákærði hefir eigi getað gefið neina skýrslu um það, er þeim fór á

milli honum og Christjansen, og hefir eigi þózt neitt um það muna, enda er það sannað, að hann var mjög drukkin, er hann framdi verkið; þeim var vel til vana, ákærða og Christjansen, og er engin ástæða til þess að ætla, að ákærði hafi viljað gjöra honum mein. En þó að ákærði væri allmjög drukkin, verður þó eigi álitid, að hann hafi verið rænulaus eða alveg meðvitundarlaus um verkið, og kemst hann því eigi hjá að sæta ábyrgð fyrir það. Ákærði er fæddur í Norvegi 18. desbr. 1878, og hefir hér á landi eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt afbrot að öðru leyti en því, að hann hefir verið sektaður fyrir lögreglubrot í Reykjavík. Framangreint brot ákærða heyrir undir 205. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 og þykir refsingin, með hliðsjón af 40. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkjast, ber að staðfesta greindan dóm í öllum greinum. Ákærði verður og að greiða allan áfryjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 10 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Ákærði Selmer Simonsen Bjerkan greiði allan áfryjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við

yfirdóminn, málsfærslumannanna Eggerts Claessen og Odds Gislasonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 41/1906:

J. Jónassen
 gegn
 bæjarstjórn Reykjavíkur.

D ó m u r :

Með tilskipun 17. nóvbr. 1786 um friðheit kaupstaðanna á Íslandi var svo ákveðið, að byggingarstaðum í kaupstöðunum skyldi útbytt gefins, og átti þetta bæði við land það, er konungur átti og lét kaupa til kaupstaðarstaðis. Samkvæmt þessu ákvæði voru lóðir í Reykjavík úthlutaðar íbúum ókeypis af byggingarnefnd eftir að hún hafði verið sett með opnu bréfi 29. maí 1839. Kaupstaðurinn óx seint, og bygðust því eðlilega fyrst lóðir í miðjum bænum, en í úthverfum hans voru sumpart býli með túnnum og sumpart óræktuð lönd, er hægt var að taka til ræktunar. Tún þessi voru seld á leigu venjulegast til 25 ára, en um miðbik síðustu aldar var túnblettur og óræktað land selt á leigu til 50 ára og var þessi ráðstöfun samþykkt með bréfi innanríkisstjórnarinnar 26. apríl 1852, en þó með því skilyrði, að leigutaki væri skyldur til að afhenda lóðir til bygginga, ef bæjarstjórnin áleti það nauðsynlegt, gegn endurgjaldi eftir óvilhallra manna mati. Með bréfi dómsmálastjórnarinnar 26. febr. 1859 var sam-